

19. nóvember 2019

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Ítrekuð ósk um endurnýjun á samningi um framsal eftirlitsverkefna.

Vísað er í bréf dagsett 11. júlí s.l þar sem fram kemur ósk Heilbrigðisnefndar Austurlands um endurnýjaðan samning um framsal eftirlitsverkefna frá Umhverfisstofnun. Jafnframt var í bréfinu vakin athygli á bókun af 150. fundi heilbrigðisnefndar þar sem vilji til að taka að sér fleiri eftirlitsverkefni f.h. Umhverfisstofnunar kemur fram. Þessu bréfi hefur enn ekki verið svarað með formlegum hætti.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur haft með höndum eftirlit með fiskimjölsverksmiðjum frá árinu 1995 og með urðunarstöðum frá árinu 1998. Að mati Heilbrigðisnefndar hefur þetta fyrirkomulag sem hefur verið viðhaft undanfarin 24 ár reynst vel og er öllum hagsóta, ekki síst eftirlitsþegum. Með því að sinna eftirliti úr nærumhverfinu er dregið úr kostnaði og ekki síður umhverfisáhrifum vegna ferðalaga í tengslum við við eftirlitsferðir.

Hér með er ítrekuð ósk Heilbrigðisnefndar Austurlands um endurnýjaðan samning um framsal eftirlitsverkefna. Um leið er enn á ný vakin athygli á vilja heilbrigðisnefndar til að taka að sér aukin eftirlitsverkefni f.h. Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Afrit: Sveitarfélög á Austurlandi, Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, þingmenn NA-kjördæmis